Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi í Eddu, Arngrímsgötu 5, mánudaginn 2. september 2024 og hófst kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson, Luciano Dutra og Guðrún C. Emilsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Stefna málnefndar 2024–2027
Formaður fór yfir drög að stefnu Íslenskrar málnefndar fyrir tímabilið 2024–2027. Stefnan verður birt á vef málnefndar, islenskan.is, í byrjun október.

2) Netverksfundur norrænna málnefnda
Íslensk málnefnd fer með formennsku í netverki norrænna málnefnda í ár og var haldinn fundur í netverkinu í Reykjavík 29.–30. ágúst. Formaður, ritari, Jóhannes og Helga Hilmisdóttir, sviðstjóri íslenskusviðs Árnastofnunar, tóku þátt í fundinum. Þema var málpólitík og stefna netverks norrænu málnefndanna (Netværket for Sprognævnene i Norden (NSN)) næstu fjögur árin. Haldinn verður fjarfundur í netverkinu í nóvember þar sem stefnumótunarvinna verður á dagskrá.

Verkefni þessa norræna netverks falla að mörgu leyti betur að kjarnaverkefnum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en Íslenskrar málnefndar en meðal viðfangsefna þess eru til að mynda málfarsráðgjöf og nýyrðastarf. Ákveðið var því að íslenskusvið Árnastofnunar tæki um áramótin við af málnefndinni sem fulltrúi Íslands í þessu norræna samstarfi.

3) Afmælismálþing málnefndar í október
Íslensk málnefnd var stofnuð 30. júlí 1964 og verður því 60 ára í ár. Afmælismálþing hennar verður haldið 17. október í Eddu. Unnið er að undirbúningi málþingsins. MS hefur tekið að sér að hanna auglýsingu fyrir þingið og sér um veitingar.

4) Önnur mál
- Í maímánuði urðu miklar umræður í fjölmiðlum um kynhlutlaust mál. Formaður hafði samband við Lilju Dögg Alfreðsdóttur, menningar- og viðskiptaráðherra, og minnti á skýrslu sem Íslensk málnefnd lét vinna fyrir stjórnarráðið árið 2021 og jafnframt að málnefndin hefði staðið fyrir málþingi árið 2022 og að greinar sem byggðar væru á fyrirlestrum frá málþinginu væru birtar í Málfregnum 30. Í kjölfarið mættu nokkrir stjórnarmenn (Ármann, Anna Sigríður, Jóhannes) á fund í ráðuneytinu um málið 24. júní. Einnig voru á fundinum Höskuldur Þráinsson prófessor og Stefán Eiríksson útvarpsstjóri og starfsmenn ráðuneytis.
- Aðalfundur Málræktarsjóðs var haldinn 5. júní í Eddu.

- Í sumar sendi Jón Ármann Steinsson Íslenskri málnefnd tölvupóst þar sem hann greindi frá stjórnsýslukæru vegna ákvörðunar ríkisskattstjóra sem starfrækir fyrirtækjaskrá um að hafna því að skrá tilkynningu um breytingu á heiti Ferðaskrifstofu Kynnisferða í Ferðaskrifstofa Icelandia ehf. – Málið fellur ekki undir verksvið Íslenskrar málnefndar.
- Í sumar voru umræður í fjölmiðlum um að tveir af þremur stóru viðskiptabönkunum, Arion banki og Íslandsbanki, gæfu árshlutauppgjör sín einungis út á ensku. Landsbankinn er sá eini sem birtir öll sín uppgjör bæði á íslensku og ensku. Eva María Jónsdóttir, varaformaður Íslenskrar málnefndar, kom fram í fjölmiðlum í sambandi við þetta mál þar sem hún m.a. hvatti viðskiptalífið til að sýna íslensku meiri áhuga.

Fleira gerðist ekki. Fundið var slitið kl. 17.40.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.